



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda  
Ábm: Stefán D. Franklín  
Formaður Ritnefndar FLE  
Apríl 2002  
25. árgangur 1. tölublað

# FLE fréttir

## EFNI BLAÐSINS

Ársreikningar í erlendri mynt.....	1
Endurmenntunarfundur Háskóla Íslands .....	2
Yfirfærsla einstaklingsreksturs í einkahlutafélag.....	3
Til hamingju með afmælið .....	5
Af stjórnarborði.....	6
Fráteknar dagsetningar .....	6
Frá orðanefnd FLE.....	7
Orðabanki Íslenskrar málstöðvar .....	8
Fræðslufundur .....	8
Frá menntunarnefnd FLE.....	10
Nýtt tölvupóstfang .....	10
Nýir félagar árið 2002 .....	12
Athyglisverðir úrskurðir yfirséðanefndar .....	13
Áhugaverðar heimasíður.....	13
Opnunartími skrifstofu FLE .....	14
Til sölu á skrifstofu FLE.....	14
Auglýsing frá FEE.....	15

# Ársreikningar í erlendri mynt

## Ný lög frá Alþingi

Nú hefur Alþingi samþykkt lög um að heimilt verði að færa bókhald íslenskra félaga og semja ársreikninga í erlendri mynt, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Breyting sem þessi er í samræmi við það sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar, meðal annars í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Íslensk fyrirtæki eiga í sívaxandi samkeppni á alþjóðamarkaði og þegar hafa nokkur fyrirtæki hér á landi óskað eftir að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

En hvaða kosti hefur þetta í för með sér og hverjir eru gallarnir? Hvaða áhrif hefur það á ársreikninga félaga að breyta frá gerð reikningsskila í íslenskum krónum yfir í erlenda mynt? Helstu rök sem hafa verið sett fram fyrir þessari heimild eru þessi:

- Sveiflur í afkomu félaga vegna gengisbreytinga verða minni. Breytingar á gengi krónunnar gagnvart erlendum myntum hefur ekki áhrif á gengismun skulda í erlendri mynt eins og raunin varð hjá fjölmörgum félögum á Íslandi á síðasta ári.
- Fjárhagslegur samanburður við erlend fyrirtæki verður auðveldari.
- Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna.
- Auðveldara verður fyrir erlend fyrirtæki að stofna og reka dótturfélög á Íslandi.
- Auðveldara verður fyrir íslensk fyrirtæki að stofna og reka dótturfélög erlendis.
- Mæling á afkomu og efnahag fyrirtækja verður til muna betri hjá fyrirtækjum þar sem tekjur og gjöld eru að verulegu leyti í erlendum gjaldmiðlum.



Knútur Þórhallsson, endurskoðandi hjá Deloitte & Touche hf.

- Mæling á kaupmætti eigin fjár er í gjaldmiðli sem allir þekkja og verslað er með á alþjóðlegum mörkuðum.
- Líklegt er að nafnverð hlutafjár, sem verður í erlendri mynt, geri hlutabréf félaga gjaldgengari á erlendum markaði.

Það má einnig finna annmarka á því að færa bókhald og reikningsskil í erlendri mynt. Þar má nefna eftirfarandi:

- Hluthafar flestra þeirra félaga, sem lýst hafa yfir áhuga á að færa bókhald og reikningsskil í erlendri mynt, eru íslensk félög og einstaklingar sem nota íslenska krónu sem uppgjörsmýnt. Verðmæti hlutabréfaeignar þessara aðila mun að hluta taka breytingum í samræmi við gengi krónunnar.
- Breyting á innbyrðis gengi gjaldmiðla, t.d. á milli evru og dollara, mun áfram hafa áhrif á rekstrarreikninga félaga sem eru með viðskipti í mörgum myntum. Þessu mætti eyða með framvirkum samningum sem eru bæði



ódyrari og fjölbreyttari en samningar sem hafa verið í boði gagnvart krónunni.

- Gengisbreytingar hafa áhrif á liði sem þær höfðu ekki áhrif á áður, t.d. kaup á fasta-fjármunum og rekstrarfjármunum í íslenskum krónum.

Til þess að fá heimild til að færa bókhald í erlendri mynt þurfa félög að uppfylla tiltekin skilyrði. Samkvæmt lögunum eru þau eftirfarandi:

- Eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendra félagasamstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
- Eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.
- Eru með meginstarfsemi sína hér á landi, en með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju.
- Eru með verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdum skráðar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr tilteknum stærðarmörkum.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða félagasamstæðu fara fram í. Hann skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi. Eins og hér kemur fram eru skilyrðin að nokkru leyti háð mati. T.d. er ekki skilgreint hvenær meginstarfsemi telst fara fram erlendis, hvað telst verulegur hluti viðskipta og hvað telst verulegur hluti fjárfestinga og skulda. Á þetta á eftir að reyna en ársreikningaskrá skal veita heimild til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Líklegt er að aðeins þeim fyrirtækjum sem raunverulega stunda rekstur í erlendum gjaldmiðlum verði heimilað að nota þann gjaldmiðil við sín reikningsskil. Fyrirtæki geta ekki talist vera með starfrækslugjaldmiðli í erlendri mynt, þó þau hafi kosið að fjármagna sig með erlendu lánsfé, ef tekjur, gjöld og eignir eru háðar íslensku krónunni. Það má því gera ráð fyrir að slíkum félögum verði synjað um heimild til að nota erlenda gjaldmiðla í uppgjörum sínum,

þrátt fyrir að um verulegt gengistap eða hagnað væri að ræða.

Ekki leikur vafi á því að nokkur félög á Íslandi hafa allar forsendur til að færa bókhald sitt og gera ársreikninga sína í erlendri mynt. Þau félög sem selja vörur sínar í erlendum gjaldmiðlum, stofna til kostnaðar og kaupa eignir í erlendum gjaldmiðlum, geta ekki með góðu móti gert nákvæm uppgjör í íslenskum krónum. Þau munu væntanlega sækja um heimild til að miða uppgjör sín við erlenda gjaldmiðla. Nokkur félög hafa þegar ákveðið að skipta um uppgjörsmýnt. Má þar nefna Össur hf., SÍF hf., Marel hf. og Bakkavör Group hf. Þessi félög hafa óverulegar tekjur í íslenskum krónum og stærsti hluti kostnaðar þeirra er í erlendri mynt.

Samkvæmt lögunum er aðilum sem heimild hafa til að gera ársreikninga í erlendri mynt, gert að skila sérstakri greinargerð til skattstjóra um skattstofna. Fjárhæðir í greinargerðinni á að umreikna í íslenskar krónur. Þannig skulu tekjur og gjöld á árinu umreiknuð á meðalgengi reikningsársins og eignir, skuldir og eigið fé umreiknað á gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem kann að myndast við umreikning ársreiknings úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.

Nokkur munur getur orðið á tekjuskattstofni

eftir því hvort hann byggist á reikningsskilum sem gerð eru í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðli. Þannig geta tvö íslensk félög í sams konar rekstri með hliðstæða afkomu í íslenskum krónum skilað ólíkum skattstofnum ef annað félagið gerir sitt uppgjör í erlendum gjaldmiðli en hitt ekki. Mismunurinn getur verið bæði til hækkunar og lækkunar og ræðst fyrst og fremst af því hvernig þróun einstakra gjaldmiðla verður gagnvart krónunni.

Félag, sem fengið hefur heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, skal nota þá aðferð í að minnsta kosti fimm ár nema það uppfylli ekki lengur þau skilyrði sem þarf til að færa bókhald í erlendri mynt. Það er líklega illmögulegt, ef ekki ómögulegt, fyrir félög að spá fyrir um hvort afkoma þeirra verði betri eða verri samkvæmt ársreikningi í erlendum gjaldmiðli eða í íslenskum krónum, þegar sótt er um heimildina í upphafi.

Að lokum er á það bent að óski félög eftir að færa bókhald og semja ársreikninga vegna reikningsársins 2002 í erlendum gjaldmiðli, skulu þau sækja um slíka heimild fyrir 30. apríl 2002. Almennt gildir síðan sú regla að sækja skal um heimildina til ársreikningaskrár tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs.

## Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands

Námskeið fyrir endurskoðendur í apríl 2002.  
Unninn í samstarfi við menntunarnefnd FLE

### Alþjóðlegur skattaréttur

Ætlað endurskoðendum og lögfræðingum með þekkingu og undirstöðureynslu í skattarétti. Takmörkuð skattskylda. Alþjóðleg tvísköttun. Tvísköttunarsamningar. Samningsfyrirmynd OECD. Milliverðsleiðbeiningar OECD fyrir fjölþjóðafyrirtæki og skattyfirvöld. (GV) Notkun alþjóðlegra eignarhalds- og fjármögnunarfélaga á Íslandi.(BÓ) Bindandi álit í alþjóðlegum skattamálum. (VV)

**Kennarar:** Garðar Valdimarsson hrl. og löggiltur endurskoðandi, Bjarnfreður Ólafsson hdl. og Vala Valtýsdóttir hdl.

**Tími:** 23. og 24. apríl kl. 16:00-19:00. Verð: 21.500 kr. Ein: 9

# Yfirfærsla einstaklingsreksturs í einkahlutafélag

Lög nr. 133/2001, sem samþykkt voru þann 12. desember síðastliðinn, hafa verið mikið í umræðunni enda hafa þau að geyma róttækari breytingar í skattamálum en menn hafa átt að venjast. Í þessari stuttu grein ætla ég ekki að fjalla heildstætt um þær breytingar sem löginn innifela heldur takmarka umfjöllun mína við þann þátt laganna er varðar heimild til flutnings einstaklingsreksturs yfir í einkahlutafélag án sérstakrar skattlagningar auk breytinga sem gerðar voru á skattlagningu úthlutunar verðmæta úr hlutafélögum og einkahlutafélögum.

Flestum á óvart var komið fram með mikla lækkun á skattprósentu hlutafélaga og sameignarfélaga í einu skrefi en flestir höfðu frekar gert ráð fyrir lækkun í einhverjum þrepum, t.d. 25, 20 og 15 á einhverjum árum. Þarna er hins vegar kveðið á um 18% skattlagningu hlutafélaga og samlagshlutafélaga, því þau eru sett undir sama hatt og hlutafélög með þessum lögum. Þessi breyting tekur gildi við álagningu 2003 vegna tekna á árinu 2002. Að óbreyttum fjármagnstekjuskatti er því um að ræða samantlagða skattlagningu hlutafélags og hluthafa þess upp á 26,2%, en var 37% áður. Það er ekki nokkur vafi á því að prósentulega séð er þetta með því hagfelldasta sem þekktist í Evrópu, en hins vegar er einnig rétt að benda á að í samanburði á milli landa verður að líta til fleiri þátta en skattlagningarprósentunnar eingöngu og má þar í dæmaskyni nefna frádráttarheimildir, sem hafa áhrif á skattstofninn sjálfan. Eins og málum var háttað fyrir gildistöku laganna voru sameignarfélög skattskyld með 38% skatti, eða einu prósentu hærra en hlutafélög og eigandi þess. Með lögnum breytist þetta hins vegar í 26% skattlagningu sameignarfélaga, sem gerir það að verkum að skattalega séð er um að ræða hagstæðasta rekstrarformið, en hér eru náttúrulega persónulegar ábyrgðir á

öllum skuldbindingum. Einnig var gerð sú breyting að samlagsfélögin geta nú verið sjálfstæðir skattskyldir aðilar eins og sameignarfélögin.

Einstaklingsreksturinn verður hins vegar áfram í sömu skattprósentu (fyrir utan 0,33% lækkun á einstaklinga), sem gerir það að verkum að ekki er um eins eftirsóknarvert rekstrarform að ræða og hin sem lægri skattlagningarprósentanna njóta. Menn hafa velt því fyrir sér hvort þetta gæti þýtt að þetta rekstrarform muni nánast leggjast af, að minnsta kosti þar sem um er að ræða eitthvert umfang rekstrar eða einhvern rekstrarafgang. Munurinn sem getur orðið á skattlagningunni eftir því hvort um er að ræða einstaklingsrekstur, einkahlutafélag eða sameignarfélag er vissulega orðinn mikill og einfalt dæmi sýnir miklu þetta getur munað í ráðstöfunartekjur eftir því hvaða rekstrarform er valið:

- Rekstraráðili hefur eingöngu tekjur af rekstri
- Hagnaður nemur kr. 3.305.967
- Reiknuð laun nema kr. 3.500.000
- Allur hagnaður tekinn úr rekstri sem arður eða úttekt af höfuðstól.
- Ath. ekki er tekið tillit til annarra breytinga en lækkun prósentu á sameignarfélög og hlutafélög.

	Skattur f/breyt.	Skattur e/breyt.	Mismunur
<b>Einstakl.rekstur</b>	2.699.533	2.699.533	0
<b>Einkahlutafélag</b>	2.445.701	2.088.656	-357.701
<b>Sameignarfélag</b>	2.478.760	2.082.044	-396.716

Eins og sjá má munaði nokkru fyrir breytinguna en eftir breytinguna munar í þessu dæmi kr. 610.876 fyrir einkahlutafélag og hluthafa þess og kr. 617.488 fyrir sameignarfélagið og eiganda þess.

Um leið og löginn heimila þennan flutning einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag voru gerðar breytingar sem eru hugsaðar til



Árni Harðarson  
hdl. Deloitte & Touche hf.

skerpingar þeirra reglna sem í gildi hafa verið varðandi skyldu atvinnurekenda til þess að reikna sér endurgjald, þ.e. laun. Þetta er gert vegna þess að með þeim mun sem verður á skattlagningu einstaklinga annars vegar og hlutafélaga og hluthafa þeirra hins vegar eykst hugsanlega tilhneigingin til þess að halda launagreiðslum til eiganda hlutafélagsins í lágmarki og arðgreiðslum þess í stað sem hæstum. Í stuttu máli er um það að ræða að tekin eru af öll tvímæli að reglurnar sem hafa verið í gildi um reiknað endurgjald einstaklinga í atvinnurekstri gildi einnig um ráðandi aðila hlutafélags og fjölskyldu hans. Þetta er skiljanleg breyting en það er líka alveg ljóst að hér þurfa skattfyrivöld að setjast niður og hugsa til enda hvernig eftirlitið með þessu verði framkvæmt en það getur verið nokkuð erfiðara en eftirlit með sama atriði hjá einstaklingum í rekstri. Í því dæmi sem tekið var að framan þarf til dæmis ekki að vera um það að ræða að viðkomandi eigandi og starfsmaður hafi reiknað sér of lág laun. Það ræðst af aðstæðum hverju sinni, þ.e. hvaða starfsemi um er að ræða, vinnuframlagi og fleiri þáttum. Meginreglan hér er hins vegar sú að viðkomandi reikni sér ekki lægri laun heldur en gera má ráð fyrir að hann hefði haft starfandi fyrir ótengdan aðila. Með meginregluna í huga er athyglisvert að ríkisskattstjóri hefur í reglum sínum um reiknað endurgjald gengið lengra en



lagatextinn beinlínis heimilar honum. Hér er átt við þar sem fram kemur í reglum ríkisskattstjóra sú skylda viðkomandi launþega að gera árangurstengdan launasamning við félagið sitt, en í reglum kemur fram að afkoma rekstrarins og taxi á útseldri vinnu í starfsgreininni skuli vera á meðal þess sem litið er til við ákvörðun reiknaða endurgjaldsins. Þetta þarf alls ekki að samrýmast því sem lagatextinn kveður á um, þ.e. að um sé að ræða laun sem ekki séu lægri en viðkomandi hefði haft starfandi fyrir ótengdan aðila. Því til viðbótar má benda á að í athugasemdum með frumvarpinu er ekki tekið dýpra í árinna en svo að tilgangur með breytingum á reglum um reiknað endurgjald sé eftirfarandi:

„Með þeim breytingum er reynt að koma í veg fyrir að hluthafar eða hlutareigendur í fyrirtækjum ákvarði sér laun langt undir því sem almennt getur talist eðlilegt endurgjald fyrir sambærileg störf fyrir óskylda eða ótengda aðila“

Þessar athugasemdir með breytingunum eru ekki til þess fallnar að styðja reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald, sem eins og áður segir fela í sér skyldu til árangurstengdra launasamninga milli rekstraraðilans og launþegans.

Með breytingunni á skattlagningarprósentu hlutafélaga er munurinn á skattlagningunni á tekjum einstaklingsrekstrarins og einkahlutafélaga orðinn verulegur. Hvort sem það var af þeim ástæðum eða öðrum var í lögunum einnig gerð sú nauðsynlega breyting að þessum rekstraraðilum er gert mögulegt að færa sig yfir í einkahlutafélagaformið án þess að það hafi í för með sér sérstaka skattlagningu við yfirfærsluna. Rétt er að taka sérstaklega fram að hér er aðeins um að ræða heimild til að færa reksturinn yfir í einkahlutafélag en ekki önnur félagsform eins og hlutafélag eða sameignarfélag. Við slíka yfirfærslu myndu verklagsreglur ríkisskattstjóra frá 1997, um slíkar yfirfærslur einstaklingsrekstrar, væntanlega halda gildi sínu. Ef yfirfærslan yfir í einkahlutafélag er gerð á þann hátt að öllum kröfum sé fullnægt hefur hún ekki í för með sér neinar skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið. Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftir-

stöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, og stofnverð hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í stofnefnahagsreikningi sem á að fylgja með við stofnun félagsins. Hér eru löngu tímabærar breytingar á skattalögunum orðnar að veruleika en þó eru nokkur atriði varðandi yfirfærsluna, sem valdið hafa vangaveltum og fengið þá sem vinna við að aðstoða einstaklinga við þessa yfirfærslu til að staldra við.

Samkvæmt orðanna hljóðan virðist vera sem einstaklingur í atvinnurekstri verði að stofna sitt eigið einkahlutafélag um þann rekstur sinn. Hann getur því ekki notað félag sem þegar hafði verið stofnað. Um leið virðist lagatextinn gera ráð fyrir að aðilar í samrekstri verði að stofna sitt hvort félagið, sem þeir geta síðan sameinað í eitt félag til að halda samrekstrinum áfram. Um þetta atriði er beðið túlkunar ríkisskattstjóra sem vonandi hefur gæfu til að heimila slíka yfirfærslu á sama hátt og er með einstakan einstakling, enda ekki nein sérstök skattaleg hættu hér á ferðum og með öllu óþarft að lengja leiðina fyrir slíka aðila til að færa allan rekstur sinn yfir í eitt félag. Sömu sögu er að segja um hvort einum einstaklingi sé ekki heimilt strax að stofna tvö félög um rekstur sinn, t.d. sérstakt félag um fasteignina í rekstrinum og annað um annan rekstur sem hann hafði með höndum. Hér væri ekki eðlilegt að setja aðila sem eftir þessu óskuðu, þ.e. að hafa rekstur sinn í tveimur félögum að þurfa að fara þá leið að stofna einkahlutafélag, í þá aðstöðu að þurfa að breyta einkahlutafélaginu í hlutafélag og skipta síðan hlutafélaginu í tvö einkahlutafélög.

Í lokamálslið 2. mgr. 57. gr. C, sem samþykkt var með 27. gr. laganna frá 12. desember, segir að stofnverð gagngjalds hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við. Hér er vísað til þess, er fram kemur í d-lið 1. mgr. sömu greinar, þar sem segir að tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skuli auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins. Þessi lokaefna-

hagur einstaklingsrekstrarins, sem jafnframt er stofnefnahagur félagsins, ákvarðar því stofnverð hlutanna í félaginu í hendi eiganda þess. Stofnverðið er bókfært verð eigin fjár. Hér hafa komið upp vangaveltur hvort endurmat megi fara fram þegar þessi efnahagsreikningur er settur upp. Ljóst er af athugasemdum í frumvarpinu að með því var hugsunin sú að fresta skattskyldu söluhagnaðar þar til rekstraraðilinn ákvæði að selja hluti sína í félaginu eða eignarnar úr félaginu. Með slíku endurmati væri ekki um slíka frestun að ræða heldur niðurfellingu, a.m.k. að hluta. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur hins vegar einnig fram að ákvæðin um stofnefnahagsreikning séu í samræmi við kröfur 2. mgr. 6. gr. laga um einkahlutafélög þegar um er að ræða kaup einkahlutafélags á öðru fyrirtæki í tengslum við stofnun þess. Sá efnahagur er ekki skattalegur heldur vísar 2. mgr. 6. gr. einkahlutafélagalaga til þess að um sé að ræða efnahagsreikning í samræmi við ákvæði ársreikningalaga. Þannig getur verið að tilefni sé til sérstaks endurmats til þess að ákvæðinu sé fullnægt og efnahagsreikningurinn sé í samræmi við kröfur ársreikningalaga. Eftir stendur sú spurning ósvarað hvort endurmat megi fara fram í þeim tilvikum sem hér er um ræðir. Telja verður að alveg sé ljóst að skattfyrirvöld muni ekki fallast á að slíkt endurmat geti farið fram er endurákvæði skattalegt stofnverð hluta í hinu nýstofnaða félagi. Hins vegar væri réttara að taka af allan vafa með einfaldri lagfæringu á lagatextanum til að koma í veg fyrir allan misskilning og mismunandi framkvæmd þeirra sem flytja rekstur sinn yfir í einkahlutafélög.

Eitt atriði til viðbótar sem vert er að nefna hér er það tilvik er bókfært verð eigin fjár er neikvætt í einstaklingsrekstrinum, en endurmat eigna eða sérstök inngreiðsla myndi færa eigið fé réttu megin við núllið. Lágmarkshlutafé til stofnunar einkahlutafélags er 500 þúsund krónur, en ef eigið fé verður lægra en hlutafé þess skal félagsstjórn þess sjá um að haldinn verði hluthafafundur þar sem stjórnin skal gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og, ef þörf krefur, leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins, sbr. 4. mgr. 82. gr. einkahlutafélagalaga. Til þess að

mögulegt sé að stofna einkahlutafélagin með neikvætt eigið fé hefur verið fallist á það af hálfu hlutafélagaskrár að með stofnpappírnum fylgi sérfræðiskýrsla skv. 2. mgr. 5. gr. einkahlutafélagalaga þar sem fram kemur að þrátt fyrir að bókfært verð eigin fjár og þar með stofnefnahagur félagsins beri ekki með sér að verðmætin sem renni inn í félagið nemi a.m.k. 500 þúsund krónum þá sé það engu að síður svo. Endurmatið getur svo farið fram eftir að félagið er stofnað.

Ég hef hér að framan aðeins nefnt nokkur atriði sem valdið hafa vandkvæðum í framkvæmd yfirfærslunnar en þau eru þó nokkuð fleiri. Eins og fram kom að framan er beðið eftir að ríkisskattstjóri láti uppi sínar túlkningar á slíkum vafaatriðum, þar sem fæstir vilja eiga á hættu að því verði haldið fram af hálfu skattýfirvalda að ekki hafi verið fullnægt skilyrðum laganna og að viðkomandi njóti ekki þess skattahagræðis sem verið hafi boðið uppá með lagabreytingunni. Því fyrr fyrir lok apríl sem slíkar reglur kæmu því betra þar sem janúar til apríl er svo að segja orðinn lögfestur fengitími einkahlutafélaga á Íslandi með hinum illskiljanlegu tíma-mörkum sem sett voru í ákvæði laganna.

En snúum okkur aðeins að öðru en náskyldu atriði í hinum nýsamþykktu lögum. Í framhaldi af athugasemdum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis var gerð breytingartillaga við frumvarpið til laganna og voru löggin samþykkt með ákvæðum er lögfesta skattalega meðferð lánveitinga til hluthafa og ólögmatrar úthlutunar verðmæta til hluthafa. Í stuttu máli eru reglurnar þær að ef hluthafinn er ekki jafnframt starfsmaður félagsins telst vera um gjöf til hans að ræða sem þýðir að skattlagt er með tekjuskatti hjá hluthafanum án þess að félagið fái frádrátt á móti, en ef hluthafinn er jafnframt starfsmaður félagsins telst vera um laun hans að ræða, sem þýðir skattlagningu með tekjuskatti hjá hluthafanum en jafnframt frádráttur hjá félaginu á móti.

Án þess að farið verði ýtarlega í þau áhrif sem þessi breyting hefur í för með sér má benda á að við það að arður er nú skattlagður með 10% fjármagnstekjuskatti hér á landi virðast þau undur hafa gerst að eðli greiðslna til hluthafa hafi breyst og það án nokkurra

breytinga á hlutafélagalögum. Þessu til rökstuðnings má benda á dóm Hæstaréttar frá 1996 á bls. 88 í máli Magnúsar Hreggviðssonar og Frjáls framtaks hf. þar sem ekki var talið skipta neinu máli um greiðslur til Magnúsar, sem eiganda félagsins, hvort skilyrði til arðgreiðslna væri fullnægt skv. hlutafélagalögum. Eðli slíkra greiðslna var talið vera eðli arðgreiðslna þar sem þær voru til komnar vegna eignartengslanna við félagið. Þetta var hins vegar þegar arður var skattlagður með tekjuskatti. Nú þegar hann er skattlagður með 10% fjármagnstekjuskatti er annað á ferðinni, þ.e. laun eða gjöf, en ekki er gott að sjá vegna hvers þar sem arður er enn greiðsla sem kemur til vegna eignartengsla. Í athugasemdum frá Efnahags- og viðskiptanefnd var gerð tillaga um að

skattlagningu slíkra lánveitinga yrði hagað með sambærilegum hætti og í nágrannalöndum okkar en þetta varð niðurstaðan. Í Danmörku, sem við berum okkur hvað helst saman við, er slíkt hins vegar skattlagt sem dulinn arður en ekki gjöf eða laun, nema í þeim tilvikum þegar fullnægjandi laun hafa ekki verið reiknuð. Undirritaður fær ekki betur séð en að sá lagatexti sem samþykktur var varðandi óheimilar lántökur hluthafa eða óheimilar úthlutanir til þeirra hafi ekki endilega verið sá sem Efnahags- og viðskiptanefnd hafi verið að gera tillögu um og niðurstaðan geti í sumum tilvikum verið afar ósanngjörn skattalega. Tíminn á hins vegar eftir að leiða í ljós hvort þessar hörðu reglur eigi eftir að leiða til þess að ekki muni reyna á þær vegna forvarnaráhrifa þeirra.

## Til hamingju með afmælið

75 ára þann 15. okt. 2002	Vígfús Gunnarsson	Hátúni 8
65 ára þann 1. sept. 2002	Sveinn Jónsson (KR)	KPMG Endurskoðun hf.
65 ára þann 4. sept. 2002	Ólafur Nilsson	KPMG Endurskoðun hf.
65 ára þann 1. des. 2002	Halldór Valgeirsson	Uppgjör ehf.
60 ára þann 4. sept. 2002	Hermann Árnason	Bókend sf.
60 ára þann 30. sept. 2002	Ólafur G. Sigurðsson	Grant Thornton
55 ára þann 15. maí 2002	Guðmundur Þ. Frímannsson	Verðbréfastofan
55 ára þann 31. maí 2002	Björn Ó. Björgvinsson	Aðalendurskoðun
55 ára þann 8. sept. 2002	Halldór Ásgrímsson	Alþingi
55 ára þann 4. okt. 2002	Guðmundur Óskarsson	Hyggir hf.
55 ára þann 4. nóv. 2002	Ragnar Hafliðason	Fjármálaeftirlitið
55 ára þann 6. des. 2002	Reynir Ragnarsson	Þrep hf. endurskoðun
50 ára þann 8. maí 2002	Jón H. Skúlason	Bókun sf
50 ára þann 27. maí 2002	Einar Sveinbjörnsson	KPMG, Selfossi
50 ára þann 12. júní 2002	Björn Björnsson	Endursk. Björns Björns.
50 ára þann 10. ágúst 2002	Ívar Guðmundson	Deloitte & Touche hf.
50 ára þann 17. nóv. 2002	Tryggvi E. Geirsson	Endursk. Tryggva E. Geirs
50 ára þann 26. des. 2002	Haukur G. Gunnarsson	KPMG Endurskoðun hf.
40 ára þann 22. maí 2002	Jón Þorgeir Einarsson	Lögg. endursk. Vestfj.
40 ára þann 23. maí 2002	Garðar Jón Bjarnason	Lífeyrissj. Bankastræti
40 ára þann 1. sept. 2002	Alfreð Atlason	Skrifst. Garðabæjar
40 ára þann 1. sept 2002	Sigríður Ármannsdóttir	KPMG Endurskoðun hf.
40 ára þann 20. okt. 2002	Ásbjörn Björnsson	Endurskoðendur ehf.
30 ára þann 13. maí 2002	Ólafur Þór Jóhannesson	PricewaterhouseCoopers



# Af stjórnarborði

## Breytingar á starfsumhverfi endurskoðenda?

Á vettvangi viðskiptalífsins hefur um fátt meira verið rætt og ritað að undanförunu en gjaldþrot bandaríska orkurisans Enron og hugsanlegar afleiðingar þess en fyrirtækið var talið það sjöunda stærsta þarlendis. Fjöldi starfsmanna missti vinnuna og almennir hluthafar sátu uppi með verðlaus hlutabréf. Æðstu stjórnendum virðist hins vegar hafa tekist að losa sig við sín bréf á hagstæðu gengi. Þá virðast dagar endurskoðunarfyrirtækisins sem þjónaði félaginu vera taldir. Í kjölfar þessa gjaldþrots er nú leitað svara við því hvað hafi farið úrskeiðis. Hverjum var um að kenna að svona fór? Hverjir eiga að bera ábyrgð? Voru framin lögbrot? Var um vísitandi misferli að ræða? Hvernig á að fyrirbyggja að slíkt geti endurtekið sig? Það munu sennilega líða mánuðir og ár þar til viðhlítandi svör fást við öllum þessum spurningum.

Atburðir sem þessir rýra traust almennings til viðskiptalífsins. Sú gagnrýni sem sett hefur verið fram vegna þessa tiltekna máls snýr að mörgum aðilum, s.s. að endurskoðendum, stjórnendum, innri endurskoðunarnefndum, fjármálaráðgjöfum og yfirvöldum sem setja lög og reglur. Þessir aðilar gera sér ljóst mikilvægi þess að tiltrú almennings og fjárfesta til fjármálamálaþarinnar bíði ekki hnekkis. Til þess þarf markaðurinn sjálfur að geta sýnt fram á það að hann vinni í þágu samfélagsins alls, en ekki ein-

göngu í þágu þröngra sérhagsmuna. Framundan er því óhjákvæmilega tími endurmats á regluverki viðskiptalífsins. Leiða verður fram hvar veikleika er að finna og vinna að endurbótum í samræmi við það. Þetta endurmat verður að vera vel ígrundað og ekki má hlaupa til og ráðast í breytingar einungis breytinganna vegna. Þessi staða mun að öllum líkindum hraða lögbundinni upptöku alþjóðlegra reikningsskila- og endurskoðunarstaðla enda kallar aukin alþjóðavæðing fyrirtækja á slíkt. Kastljósi þessa endurmats verður einnig beint að hlutverki og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja.

Óhæði endurskoðenda mun koma hér til sérstakrar skoðunar. Meðal nokkurra álitafna þar má nefna:

- Að hve miklu leyti má endurskoðandi byggja afkomu sína á einum tilteknum viðskiptavini?
- Fer það saman að sinna endurskoðun fyrir aðila og jafnframt að veita honum aðra þjónustu, s.s. margvíslega ráðgjöf? Þyrfti við slíkar aðstæður að gera sérstaklega grein fyrir skiptingu þóknunar í skýringum í ársreikningi viðskiptavinarins, þ.e. annars vegar vegna endurskoðunar og hins vegar vegna ráðgjafar?
- Getur ráðning starfsmanns endurskoðanda til fyrirtækis sem hann endurskoðar raskað óhæði hans?



Guðmundur Snorrason  
Formaður FLE .

- Þyrfti að breyta aðferð við val á endurskoðendum? Eru það ekki í raun stjórnendur fyrirtækjanna sem velja endurskoðendur þótt lögum samkvæmt sé það hlutverk hluthafanna? Ættu að gilda sérstakar reglur um val endurskoðenda hjá skráðum fyrirtækjum?
- Ætti að gera kröfur til þess að endurskoðunarverkefni innan sama endurskoðunarfyrirtækis séu látin ganga á milli eigenda með reglulegu millibili?
- Er eftirlit með störfum endurskoðenda nauðsynlegt og þá hvers konar eftirlit?

Ljóst er að umræður um hugsanlegar endurbætur á núverandi fyrirkomulagi munu halda áfram á næstu misserum, bæði hérlandis sem erlendis. Ég bendi á að þessi mál verða tekin sérstaklega fyrir á Endurskoðendadegi FLE þann 19. apríl n.k. þar sem m.a. verður reynt að varpa ljósi á tiltekna þætti út frá mismunandi sjónarhornum.

### Afnám verðleiðréttra reikningsskila – Einkennileg lokaafgreiðsla Alþingis

Í lok sl. árs samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga þar sem m.a. var kveðið á um afnám verðleiðréttra reikningsskila. Frumvarpið var borið undir FLE. Í því áliti sem stjórn FLE sendi frá sér var þessari lagabreytingu fagnað enda var hún í samræmi við niðurstöður vinnuhóps sem stjórn félagsins skipaði í árslok 2000. Við lokaafgreiðslu Alþingis brá hins vegar svo einkennilega við að sett voru inn í lögin ákvæði sem heimila fyrirtækjum að nota verðleiðrétta reikningsskil áfram næstu tvö ár, þ.e. 2002 og 2003, kjósi þau það. Þetta var ekki sú niðurstaða sem stjórn FLE hafði fagnað.

## Fráteknar dagsetningar

Endurskoðendadagur FLE, Salurinn Tónlistarhús Kópavogs, föstudagur 19. apríl 2002 kl. 13-17  
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 8. maí 2002 kl. 12  
Fræðslufundur, Salurinn Tónlistarhús Kópavogs, föstudagur 31. maí 2002 kl. 13-16  
Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 5. júní 2002 kl. 12  
Haustráðstefna, aðalfundur FLE, Hótel Loftleiðir, þingsalir 1-4, föstudag og laugardag 8. og 9. nóvember 2002  
Árshólf FLE, Sunnusalur, Radisson SAS-Hótel Saga, 9. nóvember 2002

Þessar lyktir hljóta að teljast furðulegar í ljósi vaxandi umræðu um mikilvægi þess að samræma reikningsskil milli fyrirtækja. Telja má líklegt að með samþykkt þessa heimildarákvæðis hafi Alþingi tryggt ósamræmi milli fyrirtækja að þessu leyti næstu tvö árin.

Reikningsskilanevnd FLE skilaði frá sér álit þann 20. febrúar sl. um það hvernig standa skuli að breytingum í reikningsskilum þegar breytt er um reikningsskilaaðferð og verðbólguleiðréttingum hætt. Þetta álit reikningsskilanevndar er að finna á heimasíðu FLE.

## Endurskoðun laga um bókhald og ársreikninga

Árið 1994 voru samþykkt lög nr. 145/1994, um bókhald, og lög nr. 144/1994, um ársreikninga, í tengslum við aðild okkar að EES-samningnum. Á haustmánuðum 2000 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða þessi lög, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur hér á landi og annars staðar, meðal annars á vettvangi ESB þar sem ráðgerð er upptaka IAS staðla. Fyrsta verkefni nefndarinnar var að semja frumvarp sem heimilar færslu bókhalds og uppgjör í erlendri mynt. Í framhaldinu er fyrirhuguð almenn endurskoðun á lögnum. Með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 29. janúar 2002, var FLE boðið að skipa fulltrúa í nefndina. Stjórn FLE hefur ákveðið að skipa Jóhann Unnsteinsson, formann reikningsskilanevndar félagsins, í nefndina. Stjórnin leggur áherslu á að reikningsskilanevnd félagsins komi öll að þessari vinnu eftir því sem þörf er á. Þá fagnar stjórn FLE boðuðu samráði við Reikningsskilaráð eins og fram kemur í tilvitnuðu bréfi ráðuneytisins.

## Nýir félagsmenn FLE

Með bréfi dags. 12. febrúar sl. tilkynnti prófanevnd að þrettán aðilar hefðu staðist verkleg próf til löggildingar í endurskoðun. Fjöldi þeirra sem útskrifast að þessu sinni er því meiri en um langt árabíl. Þessir nýútskrifuðu endurskoðendur hafa allir óskað eftir aðild að FLE. Fyrir hönd stjórnar FLE óska ég þessum nýju félagsmönnum til hamingju með merkan áfanga og hvet þá til að láta til sín taka á vettvangi félagsins.

# Frá orðanefnd FLE

Á árinu 1996 gaf Orðanefnd FLE út Íðorðaskrá endurskoðenda með íslensku þýðingu á rúmlega tvö þúsund orðum og hugtökum úr ensku tungu sem tengjast endurskoðun, reikningshaldi og skattskilum. Var útgáfa þessa orðasafns löngu orðin tímabær og mæltist vel fyrir hjá félagsmönnum í FLE og öðrum er fást við endurskoðun og reikningshald hvort sem er við störf eða nám.

Frá þeim tíma er Íðorðaskrá endurskoðenda kom út, hafa orðið töluverðar breytingar á viðskiptaháttum og viðskiptum almennt. Þær breytingar hafa einnig haft áhrif á endurskoðunar- og reikningsskilastaðla sem og störf endurskoðenda að öðru leyti. Fram hafa komið ný orð og hugtök tengd þessum breytingum auk þess sem aukin áhersla hefur orðið á aðra þætti viðskiptalífsins. Má þar nefna orð og hugtök tengd fjárfestingum, gjaldyrisviðskiptum, framvirkum samningum, valréttum og öðrum afleiðusamningum. Framangreindar breytingar hafa leitt til þess að tímabært er orðið að yfirfara og endurbæta Íðorðaskrána. Orðanefnd FLE hefur því ákveðið að ráðast í það verkefni að endurskoða og endurbæta fyrri útgáfu orðasafnsins. Vinna við efnisöflun er þegar hafin og eru félagsmenn og aðrir sem málið varðar hvattir til þess að koma með ábendingar um orð og hugtök sem þeir telja að eigi heima í endurbættri útgáfu. Ábendingum má koma á framfæri á tölvupóstfang FLE sem er fle@fle.is

Orð og hugtök tengd endurskoðun og reikningshaldi eru oft skýrð í löngu máli. Orðanefnd FLE hefur valið að þýða orð eða útskýra í sem fæstum orðum. Orðum og hugtökum sem ekki er hægt að gera skil með þeim hætti er sleppt. Með tilkomu Netsins og góðu aðgengi að því, ættu allir að geta fundið fullnægjandi skýringar á orðum og hugtökum þótt þau hafi ekki verið þýdd á íslensku. Benda má á ýmsar vefslóð-

ir á Netinu í þessu sambandi t.d. <http://www.ais-cpa.com/glosa.html> og <http://www.investorwords.com/bysubject.html> svo nokkur dæmi séu tekin.

Tilkoma og þróun Netsins hefur gjörbreytt möguleikum á framsetningu efnis og aðgengi að upplýsingum. Íðorðaskrá endurskoðenda hefur um nokkurt skeið verið öllum aðgengileg á Netinu ásamt fjölmörgum öðrum orðasöfnum í gegnum vefsíðu orðabanka íslenskrar málstöðvar á vefslóðinni <http://www.ismal.hi.is/ob> Nánari upplýsingar um orðabankann og notkunarmöguleikana þar er að finna í grein eftir Dóru Hafsteinsdóttur hjá Íslensku málistöð á öðrum stað hér í FLE-fréttum.

Eins og fram kemur í grein Dóru skiptist svæði hvers orðasafns í orðabankanum í vinnsluhluta og birtingarhluta. Í birtingarhluta eru þau orð sem búið er að fullvinna og birtast notendum orðabankans. Í vinnsluhluta eru þau orð sem eru á vinnslustigi hjá viðkomandi orðanefndum og eru þau ekki aðgengileg notendum. Hægt er að flytja orð jafnóðum og þau eru afgreidd af orðanefndum úr vinnsluhluta í birtingarhluta, þannig að notendur geti strax fengið aðgengi að þeim. Afrakstur vinnu Orðanefndar FLE mun því væntanlega birtast smátt og smátt á næstu mánuðum, en stefnt er að nýrri prentaðri útgáfu þegar vinnu í þessum áfanga er lokið. Þannig má með sanni segja að í framtíðinni geti orðið stöðugar endurbætur á orðasafni okkar í birtingarhluta orðabankans frá einum tíma til annars. Hversu víðtækar og tíðar þær kunna að verða, ræðst af þörfum notenda og frumkvæði þeirra að koma tillögum um endurbætur á framfæri.

Sigurður P. Sigurðsson,  
formaður orðanefndar FLE



# Orðabanki Íslenskrar málstöðvar

Hinn 15. nóvember 1997 efndi Íslensk málnefnd til málræktarþings í tengslum við dag íslenskrar tungu. Við það tækifæri var opnaður á veraldarvefnum orðabanki Íslenskrar málstöðvar. Hér er gerð stutt grein fyrir sögu hans og uppbyggingu og sagt frá því hvernig samstarfi Íslenskrar málstöðvar og orðanefnda og annarra höfunda orðasafna í bankanum er háttað. Að lokum er greint frá hvaða efni er að finna í orðabankanum og hvernig megi nálgast það.

## Aðdragandi

Eitt af hlutverkum orðabanka er að samræma orðanotkun innan skyldra og óskyldra greina. Hann á að safna fræðiheimum og sameina þau þannig að ekki séu á kreiki mörg heiti yfir sama fyrirbærið.

Á fundi Íslenskrar málnefndar með iðorðanefndum í nóvember 1979 kom fram að brýn þörf væri fyrir íslenskan iðorðabanka og þar fæddist hugmyndin um tölvuvæddan orðabanka. Í kjölfarið beitti málnefndin sér, með Baldur Jónsson í fararbroddi, fyrir stofnun sérstakrar undirbúningsnefndar. Henni var ætlað að skilgreina slíkan orðabanka og kanna leiðir til þess að koma honum á fót. Nefndin skilaði álitserð með tillögum, sem góður hljómgrunnur fannst fyrir hjá stjórnvöldum, en illa gekk að fá fjárveitingu til framkvæmdanna.

Skriður komst loks á málið árið 1995 þegar Íslensk málnefnd hlaut styrk úr Lýðveldissjóði til þess að undirbúa iðorðabanka og árið 1996 fékk Íslensk málstöð styrk úr Málræktarsjóði til þess að hanna tölvukerfi fyrir orðabankann. Árið 1997 fékkst svo styrkur úr sama sjóði og mátti m.a. nota hann til þess að færa orðasöfn milli tölvukerfa. Orðabankinn var svo opnaður á vefnum í nóvember 1997, réttum 18 árum eftir að hugmyndin um hann kom fyrst fram.

Upphaflega höfðu menn hugsað sér að orðabankinn yrði geymdur í miðlægri tölvu með net-tengdum aðgangi um útstöðvar og þrátt fyrir tæknibyltinguna í tölvuheiminum byggist bankinn í meginatriðum á sömu hugmynd. Munurinn er aðeins sá að netið er allmiklu stærra og út-

stöðvarnar fleiri því að miðlæga tölvan er tengd Internetinu.

Fyrir nokkrum árum hefði því aðgangurinn að orðabankanum, af tæknilegum ástæðum, takmarkast við staðarnet en nú geta fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar, hvar sem er í heiminum, haft aðgang að honum og nýtt sér hann á veraldarvefnum.

## Innra skipulag

Öll orðasöfn sem unnið hefur verið að á vegum Íslenskrar málnefndar eða í húsakynnum Íslenskrar málstöðvar hafa verið tölvuskráð eftir sérstöku sniði. Tekið var mið af þessu sniði við hönnun gagnagrunns orðabankans. Hann skiptist í tvo meginhluta, vinnsluhluta og birtingarhluta.

Í vinnsluhluta bankans er efninu safnað til úrvinnslu. Almennir notendur hafa þar engan aðgang. Vinnsluhlutinn skiptist í einingar, sem hver um sig tilheyrir höfundi tiltekins orðasafns (t.d. einstaklingi eða orðanefnd), og engir aðrir hafa fullan aðgang að. Í þessum hluta orðabankans er að finna orðasöfn í frumvinnslu og söfn í endurskoðun. Einnig eiga þarna sinn stað fullgerð orðasöfn, sem þegar hafa komið út á prenti, og eru jafnframt birt í orðabankanum. Ritstjóri orðabankans hefur lesaðgang að öllum orðasöfnum í vinnsluhlutunum en aðeins höfundar eða ritstjórar safnanna geta breytt þeim.

Þegar vinnu við gerð orðasafns lýkur flytur ritstjóri orðabankans það í birtingarhlutann; raunar er unnt að birta einstaka hluta orða-

safns jafnóðum og þeir eru tilbúnir; þannig má koma á framfæri nýjum orðum fyrr en þegar prentaðar orðabækur eiga í hlut.

Birtingarhluti orðabankans er hinn sýnilegi orðabanki, þ.e. sá hluti sem almennir notendur geta haft lesaðgang að. Með skjótvirku leitarkefni má finna þar íslensk eða erlend orð, í einu eða fleiri orðasöfnum samtímis, fá margs konar upplýsingar um hvert flettiorð, bæði á íslensku og þeim tungumálum öðrum sem um ræðir. Tungumálunum er raðað eftir stafrófsröð en þó þannig að íslenska er fremst í röðinni. Sniðið er að mestu miðað við sviðaskiptingu ISO 1024.

Það fer svo eftir því hversu ítarleg orðasöfnin eru hvaða upplýsingar er að hafa hverju sinni.

Í skilgreiningum sumra safnanna eru tilvísanir í önnur flettiorð sama safns til nánari skýringar.

## Tilgangur orðabanka og notendur hans

Orðabankinn veitir yfirsýn yfir íslenskan iðorðabanka og nýyrði úr almennu máli, sem eru efst á baugi, og getur með því stuðlað að auknu samræmi bæði í orðanotkun og skilgreiningum. Auk þess veitir hann greiðan aðgang að íslenskum þýðingum á erlendum iðorðum og erlendum nýyrðum úr almennu máli, og jafnframt því aðgang að hugtakaskilgreiningum iðorða á íslensku og fleiri tungumálum. Orðabankinn getur því gagnast vel öllum þeim sem fjalla um sérfræðileg efni, jafnt í ræðu og riti, svo sem kennurum, nemendum, fjölmiðlafólki, þýðend-

## Fræðslufundur

haldinn í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs,  
föstudaginn 31. maí 2002 Kl. 13:00

Allir velkomnir

Gestur fundarins verður fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins Karel Van Hulle. Mun hann fjalla um nýjar reglur Evrópusambandsins um að ársreikninga skuli gera í samræmi við alþjóðlega reikningskilaðla. Reglurnar munu gilda á Evrópska efnahagsvæðinu.





Dóra Hafsteinsdóttir Íslenski málstöð.

um, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og hvers kyns áhugafólki, og síðast en ekki síst orðabókarhöfundum þar sem vinnsluhluti bankans er sérstaklega ætlaður til orðabókarsmiða.

Einn hópur er ónefndur, en það eru notendur erlendis. Orðabankinn er á vefnum og þess vegna getur fólk um allan heim flett upp í söfnunum. Mörg safnanna eru með þýðingum á fleiri en einu tungumáli, auk íslensku, og ekkert er því til fyrirstöðu að útlendingar geti nýtt sér þau. Fólk um allan heim gæti líka nýtt sér vinnsluhluta bankans. Það væri hægt að búa til iðorðasöfn í samvinnu við erlendar iðorðanefndir og sameinast um vinnsvæði í vinnsluhlutanum þar sem hver gæti skráð upplýsingar á sínu tungumáli í bankann.

## Efnisöflun

Í orðabankanum eru aðallega iðorðasöfn. Skipulag hans er miðað við að efnid í honum margfaldist og verði sífellt fjölbreytilegra. Samningar við höfunda orðasafna miða að því að þeir fái endurgjaldslausan aðgang að bankanum, m.a. að skráningarkerfi hans, í skiptum fyrir þau orðasöfn sem þeir leggja inn í bankann. Þeir fá aðgang að sérfræðikunnáttu og leiðbeiningum starfsmanna málstöðvarinnar og þeim gefst kostur á að nýta sér nettengda gestatölvu og aðstöðu til fundahalda í málstöðinni.

Fyrstu hugmyndir um öflun efniviðar í bankann miðuðust við að málstöðin keypti rétt til að meðhöndla upplýsingar úr orðasöfnum með það í huga að birta þær og gefa út á hvers kyns rafrænu formi. Svo var ætlunin að endurskoða söfnin og breyta eða fella niður það sem teldist ekki hæft til birtingar í nafni málstöðvarinnar og að mati hennar. Þegar nánar var að gáð kom í ljós að málstöðin hefði hvorki nægilegt fjármagn né mannafla til slíks.

Því var ákveðið, í samráði við lögmann, að freista þess að koma á samstarfi málstöðvarinnar og rétthafa orðasafna á þann veg að málstöðin fengi leyfi til þess að birta söfn í orðabankanum og veitti rétthöfum þeirra um leið aðgang að einkavinnsvæði í vinnsluhluta bankans. Rétthafar hefðu, eftir sem áður, allan rétt til verka sinna og gætu birt þau hvar, hvernær og hvernig sem þeim sýndist en málstöðin áskildi sér rétt til þess að birta þær athugasemdir sem þurfa þætti við allt efni í orðabankanum og ekkert efni birtist þar nema með leyfi hennar.

Í birtingarhlutanum eru nú 38 orðasöfn úr ýmsum greinum, með um 330 þúsund flettiorð á samtals 15 tungumálum í yfir 130 þúsund færslum; þar af eru 47% orðaforðans íslenska. Til samanburðar má geta þess að í Íslenski orðabók eru um 85.000 flettiorð.

Í birtingarhlutanum er einnig að finna nýyrðadagbók sem hefur að geyma nýyrði af ýmsum toga sem rekið hefur á fjórum málstöðvarinnar og Íslenskrar málnefndar. Langflest þessara orða hafa komið fram í tengslum við málfráðgjöf í síma. Nýyrðadagbókin er því ekki afrakstur skipulegrar orðtöku úr nútímamáli. Nýyrðadagbókin er alltaf virk þannig að ef upplýsingar sem leitað er að í öðrum söfnum er að finna í henni koma þær fram.

Í birtingarhlutanum er aðgangur að pósthólfi þar sem notendum gefst kostur á að koma athugasemdum og fyrirspurnum á framfæri, bæði við ritstjóra orðabankans og ritstjóra einstakra safna.

## Aðgengi

Veffang orðabankans er: <http://www.ismal.hi.is/ob> og aðgangur er öllum frjáls.

Á aðalvefsíðunni er hægt að velja um fjórar leiðir: a) skrá yfir orðasöfn í bankanum b) leiðbeiningar um hvernig leita eigi í bankanum, c) upplýsingar um orðabankann og d) leit í bankanum.

## Niðurlag

Nú eru 52 skráð vinnsvæði í vinnsluhluta orðabankans. Rétthafar þeirra eru bæði orðanefndir og einstaklingar. Málstöðin hefur átt langt og gott samstarf við fjölmargar orðanefndir og aðra höfunda orðasafna í sérgreinum. Segja má að orðabanki málstöðvarinnar sé í senn ávöxtur þessa samstarfs og grundvöllur fyrir því í framtíðinni. Höfundar fá aðgang að skráningarkerfi í vinnsluhlutanum til þess að vinna að söfnum sínum. Þau verða síðan hluti af heildarorðasafni orðabankans sem höfundarnir geta leitað í og nýtt sér. Það mætti orða þetta þannig að kerfið sé gagnvirk; því fleiri og betri orðasöfn sem bankinn hefur að bjóða, því betur nýtist hann til frekari orðasafnssmiða; höfundarnir efla orðabankann og orðabankinn eflir þá. Birtingarhlutinn er ílát undir orðasöfn. Ílátid tekur lengi við en þar er aldrei annað og meira en í það er látið.

Dóra Hafsteinsdóttir  
Íslensk málstöð



# Frá menntunarnefnd FLE

## Skattadagur

Hinn árlegi skattadagur félagsins var haldinn í Salnum í Kópavogi 18. janúar s.l. Þátttaka var að venju góð og sóttu um 158 félagsmenn fundinn sem stýrt var af Ágústi Jóhannessyni.

Fyrsti fyrirlesari fundarins var Vignir Rafn Gíslason sem fjallaði um nýlegar breytingar á skattalögum, en eins og kunnugt er voru í árslok 2001 samþykktar á Alþingi talsverðar breytingar á skattalögum. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar talsverðar breytingar á skatt- hlutföllum og viðmiðunarstærðum bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Þá voru sett inn ákvæði í skattalög um niðurfellingu verðleið- réttinga í skattskilum, ákvæði um skattfrjálsa yfirfærslu einkarekstrar í einkahlutafélag auk ýmissra annara breytinga sem snúa að túlkun og framkvæmd laganna.

Ólafur Nilsson fjallaði um frumvarp sem liggur fyrir Alþingi um heimild fyrirtækja til að færa bókhald sitt og birta ársreikninga í er- lendri mynt. Talsvert hafði borið á gagnrýni á, að þrátt fyrir heimild til að færa bókhald í er- lendri mynt, yrði eftir sem áður skylt að færa bókhaldið einnig í íslenskum krónum og skyldi það bókhald vera grunnur að skattlagningu. Í erindi sínu gerði Ólafur grein fyrir þeim aðstæð-

um sem voru hvati til breytinga á þessu sviði. Nefndi hann m.a. útrás íslenskra fyrirtækja, erlend fyrirtæki hérlendis, kröfur um saman- burðarhæfni reikningsskila, sveiflu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum og fleira. Samkvæmt frumvarpinu má færa bókhalds- bækur í erlendri mynt og á tilteknum erlendum tungumálum en jafnframt skal færa bókhald í íslenskum krónum. Ástæður þess sagði Ólafur fyrst og fremst vera þær að ójafnræði myndaðist milli skattgreiðenda ef reikningskil til skatts væru í sumum tilfellum byggð á bókhald sem fært væri í íslenskum krónum en í öðrum tilfellum byggð á þýðingu reikningskila sem byggð eru á bókhaldi í erlendri mynt.

Árni Harðarson hdl. fjallaði sérstaklega um tvennar af þeim breytingum sem urðu á skatta- lögnum á árinu 2001. Í lög um tekju- og eignarskatt hafa verið sett sérstök ákvæði um yfirfærslu einkareksturs í einkahlutafélag. Ströng skilyrði eru fyrir því að færa megi ein- staklingsrekstur yfir í einkahlutafélag án þess að til skattlagningar komi vegna yfirfærslunnar. Nefndi Árni ýmis dæmi um að ferlið væri óþarf- lega flókið en samt sem áður væru ýmis útfærsluatriði óleyst. Hann nefndi einnig dæmi um hver skattspörunin gæti orðið við slíka yfir- færslu en benti þó á að í sumum tilfellum hafi reiknað endurgjald einfaldlega verið of lágt og skattspörunin því ekki eins mikil og sýndist. Þá fjallaði Árni um skattlagningu lána til starfs- manna og eigenda hlutafélaga. Samkvæmt reglunum er óheimilt lán til starfsmanna flokkað sem laun en sem gjöf ef um stjórnar- menn eða hluthafa er að ræða. Óheimil út- hlutun arðs er hins vegar túlkuð sem laun eða gjöf. Þessum reglum fylgja ákveðnir vankantar svo sem ef lán til hluthafa er greitt til baka síðar en þá er lánið túlkað sem tekjur gagnvart skattalögum en skal samt sem áður endur- greiðast í samræmi við önnur lagaákvæði.

Indriði Þorláksson ríkisskattstjóri var eins og undanfarin ár gestur fundarins og flutti ýmsar fréttir frá embætti sínu. Fjallaði hann m.a. um

rafræn skil skattframtala og rafrænar greiðslur vörsluskatta.

Síðasti fyrirlesari skattadagsins var að þessu sinni Ketill Magnússon heimspekingur og for- stöðumaður stefnumótunar hjá Landsímanum. Erindi sitt nefndi Ketill „Skattar og siðferði.“ Í upphafi erindis síns fjallaði Ketill almennt um viðskiptasiðfræði sem er sú fræðigrein sem leit- ast við að lýsa, skilja og skýra siðferði í atvinnu- lífinu. Þá fjallaði hann um skattlagningu og sið- ferðilegar réttlætningar fyrir henni og loks um siðferðilegt hlutverk endurskoðenda en Ketill benti m.a. á að starf endurskoðenda hefði sterkan siðferðistón og nefndi sem dæmi hug- takið góða reikningskilavenju.

## Endurmenntunareiningar

Um síðustu áramót lauk fyrsta heila endur- menntunartímabili endurskoðenda samkvæmt sérstakri reglugerð þar um. Þeir sem fengu lög- gildingu á árinu 1999 eða síðar hafa þó ekki lokið sínu fyrsta tímabili. Samkvæmt reglugerð- inni ber FLE að safna saman eyðublöðum um þátttöku í námskeiðum eða fyrirlestrum og halda skrá yfir einingafjölda hvers og eins. Þá skal félagið tilkynna ráðherra um þá sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Það hefur komið í hlut menntunarnefndar auk fram- kvæmdastjóra félagsins að fylgjast með skilum og koma á framfæri athugasemdom ef skil eru ekki í samræmi við reglugerðina.

Langflestir félagsmenn hafa þegar skilað yfir- litum yfir einingasófnun sína þessi þrjú ár þó eitthvað vanti enn uppá að full skil hafi náðst. Skipta má þeim sem ekki hafa skilað inn yfirlit- um með a.m.k. 90 einingum á þessum þremur árum í nokkra hópa. Í fyrsta lagi er um að ræða þá félagsmenn sem aldrei hafa skilað inn yfirlit- um. Menntunarnefnd er þó kunnugt um að stór hluti þessa hóps hefur sinnt endurmenntun sinni í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og jafnvel langt umfram það. Í öðru lagi eru þeir sem eiga eftir að skila hluta af yfirlitum sínum t.d. vegna nýliðins árs. Menntunarnefnd vill

## Nýtt tölvupóstfang

Félag löggiltra endurskoðenda hefur fengið nýtt tölvupóstfang

fle@fle.is

Tölvupóstfang framkvæmdastjóra er arnbjorg@fle.is

Heimasíða félagsins er

www.fle.is

hvetja þessa aðila til að gera skil hið bráðasta. Þriðji hópurinn eru svo þeir endurskoðendur sem ekki hafa náð tilskilyldu 90 eininga lágmarki á þessum fyrstu þremur árum. Í viðræðum menntunarnefndar við fulltrúa ráðuneytisins hefur komið fram vilji til að bæta inn í reglugerðina ákvæðum um að ef sérstaklega standi á megi veita nokkurn frest á að ljúka skilum. Hefur í því sambandi verið rætt um 6 mánuði. Menntunarnefnd vill því hvetja þá sem eitthvað vantar á einingarnar að nýta sér það sem í boði er hjá félaginu á fyrri hluta yfirstandandi árs og bendir jafnframt á námskeið Endurmenntunar Háskóla Íslands.

## Starfið framundan

Þann 19. apríl verður haldinn árlegur endurskoðendadagur félagsins. Þar verður fjallað um ýmis málefni sem tengjast starfi okkar svo sem innihald, framsetningu og áritun á þriggja og níu mánaða uppgjör skráðra félaga og einnig verður talsverð umfjöllun um ýmsar hliðar Enronmálsins svokallaða. Ljóst er að þetta mál vekur margar spurningar hjá endurskoðendum sem öðrum um reglur reikningsskilanna, endurskoðunaraðferðir, tengsl ráðgjafar og endurskoðunar og eftirlitshlutverk kauphalla svo eitthvað sé nefnt. Vonast er til að sem flestir félagsmenn láti sjá sig og hafi bæði gagn og gaman af.

Eins og kom fram í erindi fulltrúa Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar á ráðstefnu okkar í London í haust verður öllum skráðum félögum á Evrópska efnahagssvæðinu skylt að gera reikningsskil sín miðað við alþjóðlega reikningsskilastaðla eigi síðar en árið 2005. Í tilefni af þessu mun FLE standa fyrir fundi um þetta mál í samvinnu við Fjármála- og viðskiptaráðuneyti þann 31. maí. Gestur fundarins verður fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins Karel Van Hulle. Hann er hefur stýrt þeirri vinnu er lýtur að félagatilskipunum ESB varðandi ársreikninga (tilskipun 4) og samstæðureikninga (tilskipun 7) og annara tilskipana er varða hlutfélög, endurskoðun og endurskoðendur. Nánari tímasetningar verða tilkynntar innan skamms en félagsmenn er hvattir til að taka daginn frá.



Fjölmenni á hádegisverðarfundum.

Ljós. Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir



Ráðstefnustjóri og fyrirlesarar á skattadegi.

Ljós. Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir



Gunnar Zoega og Sigurður Stefánsson láta sig aldrei vanta.

Ljós. Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir



# Nýir félagar árið 2002

Í ársbyrjun luku þrettán einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



*Agnar Már Olsen  
Deloitte & Touche hf.*



*Eggert Teitsson  
Deloitte & Touche hf.*



*Halldór Arnarsson  
KPMG Endurskoðun hf.*



*Hólmgrímur Bjarnason  
Deloitte & Touche hf.*



*Hrafnhildur Helgadóttir  
KPMG Endurskoðun hf.*



*Kjartan Arnfinnsson  
KPMG Endurskoðun hf.*



*Kristinn Freyr Kristinsson  
Pricewaterhouse-  
Coopers ehf.*



*Kristófer Ómarsson  
KPMG Endurskoðun hf.*



*Lilja Brynja Skúladóttir  
KPMG Endurskoðun hf.*



*Magnús Örn Ragnarsson  
Grant Thornton hf.*



*Matthías Þór Óskarsson  
KPMG Endurskoðun hf.*



*Ólafur Gestsson  
Pricewaterhouse-  
Coopers ehf.*



*Ómar Davíðsson  
Pricewaterhouse-  
Coopers ehf.*



# Athyglisverðir úrskurðir yfirskattanefndar

Frá 27/2002 til 51/2002 / Steinþór Haraldsson lögfr. tók saman

## 27/2002 Vaxtabætur - Húsbyggingarskýrsla - Upphafsdagur húsbyggingar - Fasteignaveðlán.

Með skattframtali kæranda árið 2000 fylgdi húsbyggingarskýrsla vegna byggingar einbýlishúss. Þar kom fram að bygging húsnæðisins hefði hafist á árinu 1999 og lokið á því ári. Framtalið var lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda og voru kærendum ákvarðaðar vaxtabætur frá og með öðrum ársfjórðungi 1999, sbr. 8. og 9. másl. B-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981. Með kæru til skattstjóra fór umboðsmaður kæranda fram á að vaxtabætur þeirra yrðu leiðréttar þar sem við gerð húsbyggingarskýrslu hefði láðst að tilgreina upphafsdag húsbyggingar sem hefði verið í janúar 1999. Með kærinni fylgdi leiðrétt húsbyggingarskýrsla. Með kærúrskurði féllst skattstjóri á að hin leiðrétta húsbyggingarskýrsla yrði lögð til grundvallar en óskaði eftir því með bréfi til kæranda að kærundur legðu fram afrit af fyrsta fasteignaveðláni sem tekið hefði verið vegna byggingar húsnæðisins. Kærundur mótmæltu því þar sem bygging húsnæðisins hefði hafist í janúar. Skattstjóri hafnaði kröfu kæranda um að vaxtabætur yrðu miðaðar við allt árið þar sem fyrsta lán til húsbyggingar þeirra hefði ekki verið tekið fyrir en á öðrum ársfjórðungi. Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að ákvæði 8. og 9. másl. 4. mgr. B-liðar 69. gr. væru samkvæmt orðalagi sínu ótvíræð um að við ákvörðun vaxtabóta á því ári þegar maður, sem ekki hefur fengið vaxtabætur áður, aflar sér íbúðarhúsnæði skuli reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið og var úrskurður skattstjóra því staðfestur.

## 31/2002 Bifreiðahlunnindi? Takmörkuð og ótakmörkuð afnot?

### Stjórnunar- og fjölskyldutengsl - 2. mgr. 97. gr.

Skattstjóri ákvarðaði kæranda bifreiðahlunnindi sem miðuðu við ótakmörkuð afnot af þremur bifreiðum í eigu launagreiðanda hans, sem var einkahlutafélag, en kærandi hafði tilfært í skattframtölum sínum árin 1997, 1998 og 1999 bifreiðahlunnindi sem miðuðu við takmörkuð afnot. Yfirskattanefnd hafnaði kröfu kæranda um að úrskurður skattstjóra yrði ómerktur þar sem ekki yrði fallist á að í skattframtölum kæranda umrædd ár hafi legið fyrir nægjanlegar upplýsingar sem rétt álagning yrði byggð á. Leitt var í ljós á skattstjórastigi að kærandi átti 7% hlut í félaginu árin 1996 og 1997 og 20% hlut árið 1998. Þá var upplýst að foreldrar kæranda áttu samtals 60% í félaginu og bróðir hans 20%. Þá kom fram að stjórn félagsins var á þessum tíma skipuð kæranda,

bróður hans og föður þeirra. Ekki var talið að kærandi hefði sýnt fram á að hann hafi verið bundinn ákveðnum takmörkunum varðandi afnot af umræddum bifreiðum utan vinnutíma. Engin gögn lágu fyrir í málinu um afnot kæranda af bifreiðum félagsins eða það eftirlit sem framkvæmdastjóri félagsins sagðist hafa haft með afnotum kæranda af bifreiðunum. Samkvæmt þessu voru kæranda ákvörðuð bifreiðahlunnindi miðað við að hann hefði haft bifreiðar launagreiðanda síns til fullra umráða í skilningi skattmatsreglna ríkisskattstjóra.

## 33/2002 Framtal sem kæra? Bifreiðakostnaður - Akstur milli heimilis og vinnustaðar.

Skattframtal 2000 var lagt fram sem kæra. Skattstjóri ritaði kæranda bréf og óskaði eftir því að gerð yrði grein fyrir aksturstillifnum, tíðni akstursferða o.þ.h. Var bréfi skattstjóra svarað með áætluðum vegalengdum og aksturs-

## Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Félag löggiltra endurskoðenda.

[www.fle.is](http://www.fle.is)

Ríkisskattstjóri

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

Yfirskattanefnd

[www.yskn.is](http://www.yskn.is)

FEE-Evrópusamb. endurskoðenda

[www.fee.be](http://www.fee.be)

[www.euro.fee.be](http://www.euro.fee.be)

IFAC-Alþjóðasamtök endursk.

[www.ifac.org](http://www.ifac.org)

ISAC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið

[www.iasc.org.uk](http://www.iasc.org.uk)

Verðbréfabing Íslands, útgáfuefni

[www.vi.is](http://www.vi.is)

Stjornartíðindi

[www.stjornartidindi.is](http://www.stjornartidindi.is)



tilefnum lýst almennt. Fram kom í svari kæranda að hann hefði starfað sem undirverktaki á árinu 1999 og að stór hluti aksturstilefna hefði verið milli heimilis kæranda og tiltekinnar virkjunar annars vegar og hins vegar milli heimilis kæranda og verslunarmiðstöðvar. Skattstjóri lækkaði tilfærðan frádrátt í rekstrarreikningi úr kr. 360.720 í áætlaða fjárhæð kr. 120.000 þar sem einungis hefði verið gerð almenn grein fyrir þeim akstri sem lægi að baki gjaldfærðum bifreiðakostnaði. Yfirsattanevnd gekk út frá því að daglegur vinnustaður kæranda hefði verið við virkjunina tímabilið janúar til maí og við verslunarmiðstöðina tímabilið júní til desember og leit einkum til þess að eingöngu var um að ræða störf fyrir einn aðila á hvoru tímabili fyrir sig. Yfirsattanevnd miðaði við að reglubundinn akstur milli heimilis og þessara staða teldist vera akstur milli heimilis og vinnustaðar og því í einkabágu og staðfesti úrskurð skattstjóra.

### 40/2002 Gerviverktaka - Verksamningur - Upplýsinga- skylda kæranda - Heildarmat á samningi

Kærd var sú ákvörðun skattstjóra að virða tiltekna greiðslu kæranda til A sem launagreiðslu en ekki sem greiðslur vegna verktöku. Yfirsattanevnd vísaði kærinni frá vegna vanræifunar af hálfu kæranda með þeim athugasemdum að af hálfu kæranda hefðu enn hvorki verið veitt þau svör og lögð fram þau gögn sem skattstjóri hefði krafist kæranda um né gefnar skýringar á þeim atriðum, sem skattstjóri byggði á m.a. tilhögun á færslu umræddrar greiðslu í bókhaldi kæranda. Því yrði ekki talið að af hálfu kæranda hefðu, þrátt fyrir framlagningu samnings sem bar yfirsattanevndina „verktaka-samningur“ komið fram þær skýringar og upplýsingar að efni væru til að hrófla við niður-

stöðu skattstjóra. Kærandi hefði þannig ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart skattstjóra. Í þessum úrskurði gerir yfirsattanevndin ágæta grein fyrir þeim atriðum sem líta verður til við ákvörðun á því hvort starfsmaður telst launamaður eða verktaki.

### 41/2002 Gjóf - Erfðafjárskattur - 1. tl. 28. gr.

Skattstjóri færði kæranda til tekna tiltekna fjárhæð á þeim grundvelli að í afsali móður kæranda, til kæranda, fyrir jörðinni H hefði falist skattskyld gjöf skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, enda hefði ekki verið sýnt fram á að um fyrirframgreiðslu upp í arf hefði verið að ræða sem greiddur hefði verið erfðafjárskattur af, sbr. 2. tölul. 28. gr. nefndra laga. Yfirsattanevnd leit svo á, miðað við fram komnar skýringar á eigendaskiptunum, að þau væru þess eðlis að þau féllu undir ákvæði 1. tölul. 28. gr. laga nr. 75/1981 þannig að afhendingu jarðarinnar bæri ekki að telja til skattskyldra tekna að því tilskildu að erfðafjárskattur hefði verið greiddur af henni. Þar sem ekki lægi fyrir hvort það hefði verið gert var kærinni vísað frá yfirsattanevndin að svo stöddu.

### 43/2002 Bifreiðakostnaður - Innsend gögn - Rökstuðningur skattstjóra - Ómerking

Með skattframtali kæranda, sem var sjálfstætt starfandi, fylgdi rekstrarreikningur þar sem m.a. var gjaldfærður bifreiðakostnaður. Var um að ræða kostnað vegna einkabifreiðar kæranda í þágu rekstrarins og fylgdi með rekstraryfirlit fólksbifreiðar RSK 4.03. Skattstjóri óskaði eftir því við kæranda að hann legði fram tölulega og rökstudda greinargerð um akstur í þágu atvinnurekstrar. Með svari kæranda fylgdu umbeðin gögn. Skattstjóri lækkaði allt að einu frádrátt vegna bifreiðakostnaðar um áætlaða fjárhæð og hafnaði að taka tillit til rekstraryfirlitsins, enda þótti ósamræmi á milli fylgiskjals með skattframtali og bókhaldsgagna það mikið að áðurnevndur kostnaður þótti ótrúverður. Að mati yfirsattanevndar voru athugasemdir

## Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 – 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@fle.is og arnbjorg@fle.is

Heimasíða: www.fle.is

## Til sölu á skrifstofu FLE

Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-

Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

IASC International Accounting Standards 2001. Verð kr. 8.990,- án vsk.

2001 IFAC Handbook of Auditing and Ethics Pronouncements

Verð kr. 15.000 án vsk.



skattstjóra að mestu almenns eðlis og lutu ekki að einstökum fylgiskjólum heldur fyrst og fremst að því að umrædd gögn og meðferð þeirra uppfyllti ekki skilyrði bókhaldslaga. Áleit yfirs kattanevnd að skattstjóri hefði ekki skotið nægum stöðum undir höfnun sína á rekstrar-yfirliti fólksbifreiðar og þar með ekki rökstutt niðurstöðu sína með fullnægjandi hætti. Var hin kærða lækun skattstjóra á gjaldfærðum bifreiðakostnaði því ómerkt.

## 51/2002 Launauppgjöf launa-greiðanda - Staðgreiðsluskrá – Rannsóknarregla

Á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt lagði skattstjóri innsent skattframtal til grundvallar álagningu opinberra gjalda í stað áætlunar að gerðri þeirri breytingu að framtaldar launatekjur kæranda voru hækk-aðar. Bygðði skattstjóri breytinguna á upp-

lýsingum fengnum úr staðgreiðsluskrá ríkisskatt-stjóra. Yfirs kattanevnd féllst á það með kæranda að tekjur hans hefður verið rétt framtaldar í skatt-framtali og að framtalin fjárhæð væri í samræmi við launauppgjöf, sem gerð hafi verið samkvæmt þeirri lagaskyldu sem kveðið sé á um í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981. Allt að einu hefði skattstjóri ákveðið að byggja á öðrum upplýsingum en lög-mæltum gögnum, án nokkurrar rannsóknar eða rökstuðnings fyrir þeim afbrigðum.

## Auglýsing frá FEE

**FEE is the main European professional federation representing the accountancy profession at European level. It represents 38 local Professional Institutes from 26 European countries. All together, these federations number 400,000 individual members, principally from EU-countries. FEE is looking for two Project Managers.**

### Project Manager Financial Reporting

Brussels, Belgium      Attractive Package

You will help FEE to offer its technical expertise and reflections to the European Commission, the Accounting Regulatory Committee of the EU and the European Financial Reporting Advisory Group on the occasion of the implementation of the EU Accounting regulation of Financial Reporting. You will be involved in commenting on draft International Financial Reporting Standards (formerly IASs) issued by the International Accounting Standards Board. You will also comment on rules issued by international regulators like the Basle Committee. Your main objective will be to contribute to developing a high quality set of international financial reporting standards (IASs) applicable in Europe. Your skills include:

- ◆ Higher education in finance/accountancy and at least three years of successful experience in international financial reporting (international company or auditing firm).
- ◆ Good knowledge of the accountancy profession and its technical skills, particularly regarding IASs.
- ◆ High level of autonomy, sense for responsibilities and initiative, excellent general communications skills and fluency in English.      Ref LPDI380891

Applications should be sent by e-mail: [financebelgique@michaelpage.com](mailto:financebelgique@michaelpage.com) or mail, under the chosen reference number to Peter Dirx at Michael Page International, Stephanie Square – Avenue Louise/Louizalaan 65, box 11 – 1050 Brussels.

### Project Manager Practice Regulation

Brussels, Belgium      Attractive Package

You will contribute technical expertise and reflections to the European Commission and the EC Committee on Auditing in all areas of professional interest (accounting, auditing, ethics, professional qualification, etc.). You will also present the views of the European Accountancy Profession to global standard setters like the International Audit and Assurance Standards Board (formerly IAPC) and the Ethics Committee of IFAC. Your main objective is to enhance the professional practice. Your skills include:

- ◆ Higher education in finance/accountancy, with a full professional accountancy qualification.
- ◆ Between 3-5 years of successful experience in financial audit in an international context (relevant experience in the financial markets regulation is a plus).
- ◆ Good knowledge of the financial audit and standards of ethics in the accountancy profession, as well as securities markets regulators.
- ◆ High level of autonomy, sense for responsibilities and initiative, excellent general communications skills and fluency in English.      Ref LPDI380930

## Michael Page

INTERNATIONAL

[www.michaelpage.be](http://www.michaelpage.be)

Australia • Belgium • Brazil • France • Germany • Hong Kong • Italy • Japan • Netherlands • Portugal • Singapore • Spain • Sweden • Switzerland • UK • USA

# ALÞJÓÐLEG EINKABANKAÞJÓNUSTA

- ÞÍN TENGING  
VIÐ FJÁRMÁLAHEIMINN

Eignastýring  
Fjárfestingarráðgjöf

Varsla verðbréfa  
Skattaráðgjöf

Við opnum þér greiðari leið til fjárfestinga um allan heim. Njóttu sérhæfðrar fjármálaþjónustu og faglegrar ráðgjafar sérfræðinga okkar beggja vegna Atlantshafsins. Alþjóðleg einkabankaþjónusta Kaupþings brúar bilið milli þín og fjármálaheimsins.

NEW YORK  
REYKJAVÍK  
LÚXEMBOURG  
STOKKHÓLMUR  
FÆREYJAR



KAUPÞING

Kaupþing hf. • Ármúla 13A • Reykjavík  
sími 515 1500 • fax 515 1509 • [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is)